

**Fundur miðstjórnar Bandalags háskólamanna
miðvikudaginn 20. apríl 2005 kl. 16:00
á Grand Hótel Reykjavík**

Fundarstjórn: Halldóra Friðjónsdóttir, Elsa B. Friðfinnsdóttir
Fundur settur: 16:11

Mættir:

Gísli Tryggvason – BHM
Halldóra Friðjónsdóttir – BHM
Þóroddur Þórarinnsson – BHM
Þórir sigurðsson – FHA
Sigurbjörg Sæmundsdóttir – FHSS
Lilja Ingvarsson – IPÍ
Signý Þöll Kristinsdóttir – IPÍ
Racel Eiríksson – SÍF
Bára J. Oddsdóttir – SBU
Þorvaldur H. Þórðarson – DÍ
Páll Halldórsson – FÍN
Ína Björg Hjálmarsdóttir – FÍN
Kristín Hafsteinsdóttir – MTÍ
Katrín Sigurðardóttir – FG
Brynjar Emilsson – SSÍ
Ingi Jón Hauksson – SSÍ
Þorbjörg Guðlaugsdóttir – SSP
Kristbjörg Magnúsdóttir – LMFÍ
Salóme Þórisdóttir – ÞÍ
Sigríður Björnsdóttir – FH
Þórný Hlynsdóttir – FH
Helga Birna Ingimundardóttir – FÍH
Elsa B. Friðfinnsdóttir – BHM
Halldór K. Valdimarsson – BHM

Til afgreiðslu:

1. *Tilnefningar* í stofnanir í tengslum við BHM
 - a) Vinnuumhverfisnefnd BHM
 - fjöldi fulltrúa; **tillaga**: 5 fulltrúar teljist í nefndinni svo ályktunarhæfi sé 3
 - tilnefning varamanns; **tillaga** um Ingu Rún Ólafsdóttur, framkvæmdarstjóra HugGarðs

Skýrt var frá óvissu sem orðið hefði vert við varðandi fjölda fulltrúa í vinnuumhverfisnefnd. Skýrt frá því að frá upphafi hefði verið gert ráð fyrir að allir þeir sem vildu gætu komið að störfum í nefndinni. Hins vegar væri gert ráð fyrir, að ósk nefndarinnar, að í henni sætu formlega fimm skipaðir fulltrúar og að hún teldist ályktunarhæf væru þrír þeirra mættir. Samþykkt var framkomin tillaga um að Inga Rún Ólafsdóttir tæki sæti sem varamaður í vinnuumhverfisnefnd.

- b) Orlofssjóður BHM; nýr fulltrúi BHM í stað Samúels Arnar Erlingssonar (Útgarði) í stjórn Orlofssjóðs BHM, sem er orðinn beinn fulltrúi, kjörinn af fulltrúaráði á ársfundi 15. apríl sl., með því að hann er orðinn varaformaður sjóðsstjórnar; **tillaga** um Salóme Þórisdóttur (ÞÍ), sem tilnefnd er þá til eins árs að þessu sinni, þ.e. til fyrsta miðstjórnarfundar eftir aðalfund BHM 2006 þegar tilnefna ber fulltrúa BHM til 2ja ára

Tilnefning Salóme Þórisdóttur sem fulltrúa BHM í stjórn OBHM var samþykkt.

Til umræðu:

2. *Kjaramál*; niðurstaða atkvæðagreiðslna og samstarf félaga og eftir atvikum aðkoma BHM að samfloti
- a) í stofnanasamningum gagnvart ríkinu

HF skýrði frá því að enn ættu tvö félög eftir að greiða atkvæði um samkomulag samráðshópsins við ríkið. FHA myndi greiða atkvæði á föstudag, því þar þyrfti að boða félagsfund til að afgreiða kjarasamninga. Sagði hún félög háskólakennara hafa verið seinni til að afgreiða samningana en flest önnur félög, þar sem nauðsynlegt hefði verið að afgreiða töluvert af sérmálum.

Fram kom fyrirspurn um það hver áhrif það hefði á samkomulagið að SSÍ hefði fellt það. HF sagðist ekki eiga von á að það hefði áhrif, þótt það væri í samkomulaginu fyrirvari um að ef félögin samþykktu ekki öll samkomulagið gæti fjármálaráðherra neitað að staðfesta það. Hins vegar væri það enn spurning hvort hægt væri að greiða út laun eftir nýjum samningi um komandi mánaðarmót, því væntanlega yrði samningur ekki staðfestur fyrir en ljóst væri hver niðurstaða þeirra tveggja félaga sem eftir eru yrði.

Fram kom fyrirspurn um undirbúning stofnanasamninga. Upplýst var að sá undirbúningur gæti eiginlega ekki hafist að marki fyrir en samkomulagið væri staðfest. Hins vegar væri þegar í gangi að einhverju marki það sem kalla mætti undirbúning að undirbúningi. Ljóst væri að framundan lægi veruleg vinna við kortlagningu stofnanasamninga og það yrði að hefja þá vinnu sem fyrst. Samstarfsnefndir þyrfti að skipa í síðasta lagi í júlímánuði, meðal annars vegna fræðslu á komandi hausti.

Fram kom ábending um að enn væri ekki búið að ganga frá öllum sérmálum félaga.

Fram kom fyrirspurn um það hver yrði aðkoma BHM að samfloti um stofnanasamninga, í ljós þess að ekki eru öll félög bandalagsins innan þess. Bent var á að BHM hefði áður gengið í viðamikil mál sem ekki vörðuðu öll aðildarfélögin, svo sem í húsnæðismálum, úttekt á málefnum Landspítala og fleira.

Bent var á að á sínum tíma hefðu framlög til BHM verið lækkuð vegna þess að aðildarfélögin sjálf hefðu tekið ákveðin verkefni á sig. Nú væri verið að fara inn á aðra braut og einhvern veginn yrði að greiða bandalaginu fyrir þá vinnu.

Í lok þessarar umræðu kom fram sá sameiginlegi skilningur miðstjórnar að Bandalag háskólamanna myndi ekki hafa neina aðkomu að stofnansamningum þeim sem framundan eru, umfram það sem BHM lætur félögunum að jafnaði í té.

- b) í endurnýjun kjarasamninga gagnvart launanefnd sveitarfélaga

HF skýrði frá því að snemma í vetur hefði boriðst beiðni frá Launanefnd sveitarfélaganna þar sem lýst hefði verið vilja til þess að kjarasamningar BHM-félaga yrðu samræmdir, sem undirbúningur fyrir komandi samningagerð. Rætt var um aðgerðir Akureyrarbæjar, sem væri að segja upp fastri yfirvinnu starfsmanna og

raskaði með því kjörum margra þeirra. Launanevnd teldi sig aðeins áhorfanda í því máli. Var rætt um að setja saman Akureyrarhóp, sem yrði byggður upp svipað og Landspítalahópurinn var, til að skoða þessi mál.

Niðurstaða umræðna var að launakerfi sveitarfélaganna væri mjög þröngt og erfitt og byggði um of á yfirvinnutímum. Nauðsynlegt væri að fá leiðréttingu á því í komandi kjarasamningum.

- c) sjálfseignarstofnanir og önnur fyrirtæki í almannatjónustu
- sem nú hafa stofnað Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu (SFH)
 - sem FÍH hefur í viðræðum við undanfarið
 - þar sem víða vantar kjarasamninga alveg (þ.m.t. með skýrri tilvísun í réttindaákvæði eins og hjá ríkisstarfsmönnum)
 - þar sem víða eru aðeins örfáir félagsmenn í hverju félagi,
 - stofnanasamningshlutinn er nú skilgreindari hluti kjara

EBF skýrði frá því að átta aðildarfélög BHM væru með félagsmenn hjá fyrirtækjum í SFH. Fulltrúar FÍH hefðu hitt fulltrúa samtakanna á tveim fundum. Á fyrri fundinum hefðu þau velt upp hugmyndum, þar á meðal því að semja við þessi átta félög saman. Frá því hefði hins vegar verið fallið á síðari fundinum og nú vildu samtökin semja sér við FÍH. Fulltrúar samtakanna vilja einfaldlega ríkissamninginn. Það væri væntanlega til að tryggja að fyrirtæki fái fjárveitingar til samningsins.

Samtökin vildu aðeins semja til 1. maí 2006. Viti hins vegar ekki hvað þau vilja þegar nýja launataflan tekur gildi hjá ríkinu.

Fram kom að nýju samningarnir gera að verkum að erfiðara er fyrir sjálfseignastofnanir að taka upp samningana sem slíka.

3. Réttindi háskólamanna á almennum vinnumarkaði; samningaviðræður um rammaviðmiðunarréttindasamning BHM og SA, sbr. hjálgöð minnisblöð framkvæmdarstjóra BHM, dags. 28. maí 1999 og 20. apríl 2005

GT fylgdi úr hlaði. Sagði hann að lengi hefði verið stefnt að því að ná betri og tryggari réttindum á almennum markaði en nú lægi fyrir. Áfangar hefðu náðst í þessum efnum og nú væri verið að hreyfa við þessu á tveim vígstöðvum. Hjartavernd vill semja sig undan réttindapakkanum, enda 93% fjármögnuð af erlendu fé. Hefur Hjartavernd gengið í Samtök atvinnulífisins. Þá hafa Samtök atvinnulífisins sýnt því áhuga undanfarnar vikur að ræða við BHM. Sagðist GT leggja til að gerður verði rammisamningur við SA, en aðrar leiðir væru einnig færar.

Lýsti miðstjórn vilja til að framkvæmdastjóri haldi á málinu áfram, reyni að gera rammisamning en gæti hagsmuna þeirra sem hafa þegar samning.

Fundarstjóri fór á þessum tímapunkti fram á að mega bera fram breytingartillögu við dagskrá. Að leyfi fundarins fengnu bar fundarstjóri fram þá tillögu að dagskrárliðurinn önnur mál yrði tekinn á dagskrá næst og undir honum kvörtun sem miðstjórn hefði borist frá Stéttarfélagi sálfræðinga á Íslandi. Var þessi breyting á dagskrá samþykkt.

Ingi Jón Hauksson reifaði málið. Skýrði hann frá því að SSÍ teldi að í viðtali við formann BHM á heimasíðu bandalagsins 18. apríl, þar sem fjallað var um að sálfræðingar hefðu fellt samningana, hefði formaðurinn verið ómálefnalegur og á köflum niðrandi.

Halldóra Friðjónsdóttir svaraði og viðurkenndi að ummæli þessi hefðu ekki átt að birtast á heimasíðu, heldur hefði hún átt að beina þeim beint til SSÍ.

Formaður vék síðan af fundi meðan frekari umræður stóðu. Niðurstaða varð sú að miðstjórn beindi því til formanns að hún bæðist afsökunar á og drægi til baka óviðeigandi ummæli sín. Varð formaður, sem kom að nýju inn á fundinn, við því og var málinu lokað.

Því sem eftir var á dagskrá þessa fundar var svo frestað til næsta reglulega fundar miðstjórnar.

Fundi slitið kl. 18:06

Fundargerð ritar Halldór K. Valdimarsson